

## Efni: Um launakostnað vegna útgáfu bókar og fleira

Nefnd um stuðning við útgáfu bóka á íslensku telur tilefni til að áréttta eftirfarandi þætti sem misbrestur verður stundum á við skráningu reikninga og fleira.

### 1. Skráning innanhússvinnu á forlagi

Misbrestur hefur verið á að yfirlit vegna innanhússvinnu sé nægilega skýrt í umsóknum um endurgreiðslu.

Þær kröfur sem settar eru fram í a-lið 4. gr. reglugerðarinnar um endurgreiðsluhæfan kostnað eru eftirfarandi:

„Beinn launakostnaður vegna útgáfu bókar. Launakostnaður tekur bæði til launa og launatengdra gjalda. Um er að ræða *heildarlaun sem gjaldfærð* eru hjá bókaútgefanda vegna útgáfu tiltekinnar bókar. Útgefanda ber að *halda utan um launakostnað og skráða tíma launamanns* við útgáfu bókar í verkbókhalda sínu. Undir beinan launakostnað fellur m.a. vinna við lestur handrits sem útgáfufyrirtækið fær frá höfundi enda verði af útgáfunni, ritstjórn handrits, þ.e. vinna sem fram fer áður en handrit er sent í prentsmiðju eða gefið út með öðrum hætti, prófarkalestur og samskipti við prentsmiðju eða aðra framleiðsluaðila, ljósmyndir, uppsetning og hönnun, myndskreytingar, hljóðupptökur, stafræn vinnsla o.fl.“

Gerð er krafa um að framangreindir þættir innanhússvinnu á forlagi vegna útgáfu tilgreindrar bókar séu sundurliðaðir, það er:

- um hvaða verkþætti var að ræða
- fjöldi vinnustunda
- hvenær verk var unnið
- nafn starfsmanns sem vann verkið
- tilgreint tímagjald

Að gefnu tilefni bendir nefndin á að hún hefur rétt á að óska eftir upplýsingum um greidd laun starfsmanns samkvæmt skattframtali og ber tímagjald að vera í samræmi við það. Nefndin miðar við 0,615% af mánaðarlaunum með 24,5% ofan á tímagjöld vegna launatengdra gjalda. Sem dæmi má taka að ef starfsmaður er með eina milljón króna í mánaðarlaun væri tímagjald viðkomandi 7657 krónur.

Framangreint gerir kröfu til útgefanda um að viðhöfð sé nákvæm tímaskráning vegna vinnu við hverja og eina bók.

### 2. Verktakavinna eiganda að útgáfufélagi

Álitaefni hafa komið upp varðandi verktakavinnu eiganda að útgáfufélagi. Eftir samráð nefndarinnar við Skattinn er niðurstaða nefndarinnar sú að slíkt verklag fái staðfestinguna að um raunverulega verktöku sé að ræða en ekki gerviverktöku. Viðkomandi einstaklingur þarf í þeim tilvikum að vera skráður á launagreiðendaskrá staðgreiðslu vegna skila á staðgreiðslu og tryggingagjaldi af reiknuðum launum. Ef eigandi bókaútgáfu er þannig að sinna hefðbundnum verkefnum fyrir félagið sem tengjast bókaútgáfu er ekki hægt að líta svo á að hann geti rukkað fyrir þau störf sem verktaki. Í þeim tilfellum er það liður í venjubundnum störfum hans fyrir bókaútgáfuna og ætti hann að reikna sér

laun en ekki gefa út reikning til félagsins. Eðlilegra væri þá að leggja fram innanhússkýrslu um unna vinnu og tilgreint tímagjald. Við úrvinnslu umsókna getur nefndin óskað eftir staðfestingu á að viðkomandi sé skráður á launagreiðendaskrá í tilviki verktöku.

Í þeim tilfellum sem höfundur bókar er jafnframt eigandi útgáfufélags þarf að fylgja samningur um höfundarréttargreiðslur þar sem kemur skýrt fram hvernig greiðslutilhögun er háttáð.

### *3. Form reikninga*

Hafa þarf einnig í huga form reikninga frá verktökum. Þar verður að koma fram dagsetning, lýsing á hinu selda (þ.m.t. titill bókar), tímagjald og fjöldi tíma. Einnig þarf reikningur að vera fyrirfram númeraður úr þar til gerðu reikningshefti eða úr rafrænu bókhaldskerfi. Nefndinni ber að synja kostnaðarliðum ef reikningar uppfylla ekki formskilyrði.

Þegar greitt er samkvæmt samningi þarf samningur að fylgja svo nefnd sjái hvernig greiðslutilhögun er háttáð.

### *4. Annað*

Jafnframt er áréttáð að vinna við samningsgerð, kynningar og annað slíkt telst ekki til stofns til endurgreiðslu. Þá skal einnig áréttáð að varningur sem tengist útgáfu bókar er ekki tækur stofn til endurgreiðslu.

Fyrir hönd nefndar um stuðning við útgáfu bóka á íslensku,

Guðrún Magnúsdóttir, formaður